

EFTIRLITSSKÝRSLA

Olíudreifing Grundarfirði



Dags eftirlits	19.12.2025	Ábyrgðarmaður eftirlits	Stella Hrönn Jóhannsdóttir
Fyrirtæki	Olíudreifing	Eftirlitsmaður	
Heimili	Hólmaslóð 8 - 10	Tegund eftirlits	Reglubundið
Kennitala	6606952069	Flokkur	Olía
Fulltrúi fyrirtækis	Gestur Guðjónsson	ÍSAT nr.	63.40
Fulltrúi fyrirtækis		Staðsetning	298888,207 498613,941

NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Tvö frávik komu fram við eftirlitið er varða mælingar á olíu í frárennslisvatni og niðurrif olíugeymis sem hefur verið tekin varanlega úr notkun. Ein ábending var sett fram.

UMFANG EFTIRLITS

Í samræmi við 57. gr. reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnareftirlit var farið í reglubundið eftirlit í olíubirgðastöð Olíudreifingar ehf. í Grundarfirði þann 9. desember 2025.

Boðuð dagskrá var eftirfarandi:

1. Farið yfir stöðuna frá síðasta eftirliti
2. Farið yfir starfsleyfið
3. Eftirlitsmælingar og skráningar
4. Áætlanir og viðbrögð
5. Áhættumat til ákvörðunar á tíðni eftirlitsferða
6. Kynning á meðfylgjandi gögnum
7. Önnur mál
8. Vettvangsskoðun

1. Farið yfir stöðuna frá síðasta eftirliti

Engin frávik komu fram í síðasta eftirliti og engin ábending var gerð.

2. Farið yfir starfsleyfið

Starfsleyfi olíubirgðastöðvarinnar gildir til 2034. Heimilt er að geyma allt að 1.120 m³ af olíu og taka á móti allt að 100 tonnum af úrgangsolíu á ári. Ekki er heimilt að geyma bensín í stöðinni.

3. Eftirlitsmælingar og skráningar

Geymar voru síðast botnþykktarmældir árið 2019. Næsta mæling á því að fara fram árið 2029.

Niðurgrafnar olíulagnir og allar löndunarlagnir skal þrýstiprófa á 5 ára fresti, sbr. gr. 4.2 í starfsleyfi. Lagnir voru samkvæmt síðustu eftirlitsskýrslu þrýstiprófaðar árið 2018 og áttu því að vera þrýstiprófaðar á ný árið 2023. Lagnir voru þrýstiprófaðar árið 2023, en niðurstöður þrýstiprófananna voru ekki sendar eftirlitsaðila til yfirferðar fyrr en að eftirliti loknu. Er rekstraraðila bent á að senda niðurstöður eftirlitsmælinga sem gerðar eru skv. gr. 4.2. í starfsleyfi svo fljótt sem verða má eftir að þær liggja fyrir.

Mæla skal olíu í fráveituvatni, að lágmarki þriðja hvert ár en oftast ef vafi leikur á að kröfur í gr. 3.5 séu uppfylltar, sbr. gr. 4.2 í starfsleyfi. Skv. gögnum Umhverfis- og orkustofnunar fór slík mæling fram árið 2018 en stofnuninni hefur ekki borist gögn um að slík mæling hafi verið gerð árið 2021 og svo aftur árið 2024. Því er um frávik að ræða. Niðurstöður athugunar með strimaþrófi bærust stofnuninni að eftirliti loknu og komu ekki fram litabreytingar á því prófi. Fráviki er því lokað.

4. Áætlanir og viðbrögð

Áhættumat, viðbragðsáætlanir og áætlun um tímabundna og varanlega rekstrarstöðvun eru til staðar. Bráðamengunartrygging er í gildi til 31. desember 2025.

5. Áhættumat til ákvörðunar á tíðni eftirlitsferða

Engar breytingar hafa orðið á starfseminni frá síðasta eftirliti. Áhættumat til ákvörðunar á tíðni eftirlitsferða er óbreytt.

6. Kynning á meðfylgjandi gögnum

Rekstraraðili var beðinn um að kynna sér leiðbeiningar um olíuskiljur og kynningu á breyttu verklagi við eftirlit Umhverfis- og orkustofnunnar sem send voru með boðun eftirlits.

7. Önnur mál

Engin önnur mál voru rædd.

8. Vettvangsskoðun

Tveir geymar eru í stöðinni annars vegar við Nesveg 4b og hinsvegar við Nesveg 10. Báðir geymamir eru í steypum þróm. Í þrónni við Nesveg 10 er ónotaður geymir sem ekki er á vegum rekstraraðila sem ekki hefur verið fjarlægður. Þegar olíugeymir er tekinn varanlega úr notkun skal rekstraraðili innan sex mánaða fjarlægja olíugeyminn, ásamt lögnum honum tengdum, sbr. gr. 1.5 í starfsleyfi. Því er um frávik að ræða. Hlið að þróm voru læst þegar komið var að. Áfyllingarplan er olíuhelt með niðurfalli tengdu við olíuskilju. Í þjónustuhúsi er geymd smurolía. Niðurfall er í gólfi sem tengt er við olíuskilju. Rekstrarhandbók var aðgengileg í þjónustuhúsi.

Frávik frá	Lýsing á fráviki
Gr. 4.2 í starfsleyfi	Mæla skal olíu í fráveituvatni, að lágmarki þriðja hvert ár en oftast ef vafi leikur á að kröfur í gr. 3.5 séu uppfylltar. Samkvæmt þeim gögnum sem Umhverfis- og orkustofnun hafa borist var olía í fráveituvatni mæld árið 2018 en gögn vantar fyrir mælingar 2021 og 2024.
Gr. 1.5 í starfsleyfi	Þegar olíugeymir er tekinn varanlega úr notkun skal rekstraraðili innan sex mánaða fjarlægja olíugeyminn ásamt lögnum honum tengdum. Innan þróar við Nesveg 10 er geymir sem tekinn var úr notkun fyrir meira en sex mánuðum.

ÁBENDINGAR

Rekstraraðila er bent á að senda Umhverfis- og orkustofnun niðurstöður eftirlitsmælinga sem gerðar eru samkvæmt gr. 4.2 í starfsleyfi þegar þær liggja fyrir.

ANNAD

Rekstraraðili hefur gert athugasemd við ofangreint frávik á þeim forsendum að umræddur geymir sé ekki á vegum rekstraraðila og hann geti því ekki brugðist við frávikinu. Umhverfis- og orkustofnun bendir á að geymirinn er staðsettur í lekaþró á vegum rekstraraðila og þangað til sýnt hefur verið fram á annað, lítur stofnunin svo á að geymirinn sé á ábyrgð rekstraraðila, enda hefur komið fram í eftirlitsskýrslum að geymirinn standi ónotaður og að lengi hafi staðið til að fjarlægja hann.

1 Frávik: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.

2 Ábending: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.

Reykjavík, 22.01.2026

Stella Hrönn Jóhannsdóttir